

Orkustofnun
Kristján Geirsson
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Reykjavík, 23. maí 2023
UST202304-192/B.S.
10.05.07

Efni: Beiðni um umsögn - Stækkun Sigöldu. Umsögn

Vísað er til erindis Orkustofnunar dags. 18. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um stækkun Sigölduvirkjunar um 65 MW.

Fram kemur í greinargerð Landsvirkjunar að gert hafi verið ráð fyrir þeim möguleika að stækka Sigölduvirkjun þegar virkjunin var byggð um 1970. Hér er því um viðbót við núverandi stöðvarhús og auk þess ýmsar breytingar við stöðina til að koma fyrir nýrri þrýstipípu. Framkvæmdin verður alfarið við núverandi stöðvarhús á svæðum sem var raskað á sínum tíma við byggingu Sigölduvirkjunar. Ekki verður um röskun að ræða á óhreyfðu landi.

Umhverfisstofnun hefur áður bent á að leggja eigi áherslu á að nýta betur ef þess er nokkur kostur eldri virkjanir á Tungnaár/Þjórsársvæðinu og rennsli sem þegar er stýrt í stað nýrra virkjana á nýjum og algerlega óröskuðum svæðum.

Slíkt hefur verið gert með góðum árangri við Búrfell II og nú er ætlunin að nýta betur virkjað rennsli neðar í Þjórsá.

Varðandi staðsetningu vindmylla hefur Umhverfisstofnun bent á að reisa eigi slík mannvirki á núverandi orkuvinnslusvæðum þar sem fyrir eru virkjanir og aðrir innviðir í stað þess að taka undir algerlega ný svæði.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að reynt verði að nýta núverandi virkjanir sem best þar sem landi hefur þegar verið raskað og aðrir innviðir til staðar.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við stækkun virkjunarinnar.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson,
teymisstjóri